

## AUGLÝSING

### (V) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 439, 16. maí 2007 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2006/2007 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

#### **Norðurþing.**

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda með eftirfarandi viðauka/breytingum:

1. Úthlutun byggðakvóta hvers byggðarlags samkvæmt bréfi sjávarútvegsráðuneytisins dags. 21. maí 2007 skal skipt samkvæmt lönduðum afla innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. júlí 2006 til 30. júní 2007. Takmarkanir í reglugerð um 15 þorskígildis-tonna hámark og 100% aukningu eru felldar niður.
2. Í stað 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur: Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan sveitarfélagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi áður auglýstar reglur ofangreinds sveitarfélags um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2006/2007, þ.e. í 4. tl. auglýsingar nr. 569 frá 26. júní 2007.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. desember 2007.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Hinrik Greipsson.*